

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella





UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600011/bs

Deiliskipulag - Tillaga - Lerkiholt úr landi Meiri-Tungu. Umsögn

Vísað er til bréfs Rangárþings ytra dags. 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag sem tekur til 25. ha spildu úr landi Meiri-Tungu. Deiliskipulagið tekur til byggingar íbúðarhúss, skemmu og geymslu. Svæðið sem um ræðir er mólendi sunnan Landvegamóta. Þar er ekki að finna jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með frárennsli verður farið samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint deiliskipulag. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur